

Nd.

214. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta mál og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Með breytingu þeirri, sem gerð var í lögunum um bændaskóla 1938, sem miðaði að því að auka verklega námið og gera það fjölþættara en það var áður, var áreiðanlega stefnt í rétta átt. Reynslan, sem fengizt hefur síðan, sýnir það greinilega, að ungir menn, sem hyggja á það að helga sveitunum krafta sína og lífsstarf, sækja nú meira eftir skólavist í bændaskólunum en áður var. Síðustu árin hefur ekki verið hægt að taka á móti öllum, sem sótt hafa um inntöku í þessa skóla. Er þetta gleðilegur vottur um skilning ungra manna á nauðsyn þess að búa sig vel undir bændastörfin. Við litum svo á, að að því beri að keppa af hálfu þess opinbera, að skilyrði séu fyrir hendi til þess að mæta þeirri fróðleiks- og verknámslöngun, sem fram kemur í óskum manna um að komast í búnaðarskólana. Stefna sú, sem fylgt hefur verið hér á landi í skólamálum að undanförunu, stendur vafalaust mjög til bóta að því leyti, að það ber að leggja meiri áherzlu á það en gert hefur verið að haga kennslunni þannig, að hún komi mönnum að sem mestum notum í því daglega lífi. Einkum og sér í lagi ber að keppa að því að auka hagnýtt verklegt nám í skólum landsins. Með þeirri tilhögun í þessu efni, sem nú er á kennslunni í bændaskólunum, er betur en áður fyrir þessu séð, þótt ýmislegt standi þar til bóta. Það er því hin mesta nauðsyn að styðja að þróun þessara mála, sem hiklaust má telja mjög mikilsverðan þátt í framtíð landbúnaðarins.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Jón Pálmason, Pétur Ottesen.
fundaskr., frsm.